


Samtök ferðapjónustunnar

Borgartún 35
105 Reykjavík
Sími: 511 8000
Símbref: 511 8008
www.saf.is
Netfang: info@saf.is

Alþingi
Erindi nr. P /39/2160
komudagur 2.5.2011



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 2. maí 2011

Efni: Frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak


Samtök ferðapjónustunnar hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar.

Samtökin gera ekki athugasemdir við fyrirkomulag verslunarinnar sem slíkrar, en þau vilja þó bregðast við þeirri annars ágætu stefnu sem lögð hefur verið fram til samþykktar í ríkisstjórn um að draga úr heildarneyslu, minnka skaðlega neyslu áfengis og vernda ungmenni gagnvart skaðlegri neyslu. Svo virðist sem sala löglegs áfengis sé að minnka vegna sívaxandi skatta og gjalda sem á það er lagt. Það á þó ekki við um sölu á ólöglegu áfengi en það ganga sögur um umfangsmikla sölu á „vodka“ í 20 lítra kútum sem m.a. veitingastöðunum er boðið til kaups. Verðið á lítranum er aðeins þriðjungur af því sem veitingahúsunum stendur til boða eftir löglegum leiðum.

Samtökin vilja ekki láta hjá líða að benda á itrekaðar óskir sínar um að veitingastaðir fái betri kjör t.d. 50% afslátt af áfengisgjaldinu á móti auknu eftirliti en samkeppnin við svarta áfengissölu er gríðarleg sbr. ofangreint. Það er mat okkar að marghátuð barátta gegn svartri sölu t.d. slíkur afsláttur og aukið eftirlit, muni stórauka tekjur ríkissjóðs um leið og hún styrkir stoðir heiðarlegra veitingastaða.

Samtök ferðapjónustunnar eru ávallt tilbúin til samstarfs við opinbera aðila í þessu skyni.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka ferðapjónustunnar


Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri